



Selfossi, 12.12.2023

## Fundargerð stjórnar

\*\*\*\*\*

15. fundur stjórnar *Brunavarna Árnassýslu* haldinn þriðjudaginn 12. desember 2023, kl. 14:00 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

Mætt: Helgi Kjartansson (formaður), Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, Bragi Bjarnason, Árni Eiríksson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Pétur Pétursson, Lárus Kristinn Guðmundsson og Unna Björg Ógmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Gestur fundarins: Jón Bjarnason, oddviti Hrunamannahrepps.

1. **Björgunarmiðstöð á Flúðum**

Jón Bjarnason, oddviti Hrunamanna, ræðir framkvæmd við Björgunarmiðstöð á Flúðum. Jón upplýsti stjórn að gera þurfi deiliskipulagsbreytingar á fyrirhugaðri lóð. Stjórn felur slökkviliðsstjóra að boða til fundar með forsvarsmönnum Björgunarfélagsins Eyvindar og fulltrúum Hrunamannahrepps um næstu skref og formgera samkomulag sem yrði lagt fyrir stjórn.

Jón Bjarnason yfirgefur fundinn.

2. **Verðkönnun vegna jarðvinnu fyrir tækjageymslu á Laugarvatni**

Pétur kynnti verðkönnun vegna jarðvinnu fyrir byggingu tækjageymslu á Laugarvatni. Tilboð bárust frá þremur aðilum og verður samið við lægstbjóðanda.

3. **Gjaldskrá Brunavarna Árnassýslu**

Uppfærð gjaldskrá BÁ lögð fram til samþykktar. Stjórn samþykkir gjaldskrána og formaður undirritar hana. Samþykkt að endurskoða gjaldskrána árlega.

4. **Forvarnastefna Brunavarna Árnassýslu**

Forvarnastefna BÁ lögð fram til samþykktar. Stjórn samþykkir forvarnastefnuna og formaður og slökkviliðsstjóri undirrita hana. Stjórn lýsir því yfir að vinna þessi sé til fyrirmyndar.

5. **Jafnréttisáætlun Brunavarna Árnassýslu**

Jafnréttisáætlun BÁ lögð fram til samþykktar. Áætlunin hefur verið samþykkt af Jafnréttisstofu. Stjórn samþykkir Jafnréttisáætlunina og formaður og slökkviliðsstjóri undirrita hana. Stjórn lýsir yfir ánægju sinni með áætlanagerðirnar og hrósar fyrir vel unnin störf.

6. **Önnur mál**

- a. **Starfmannamál** Pétur upplýsti um breytingar á starfsmannamálum á dagvinnu, auglýst var eftir slökkviliðsmanni og varðstjóra í síðustu viku.
- b. **Breytingar innanhúss** Pétur kynnti hugmyndir af breytingum á skrifstofurýmum

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið kl. 15:00

# Undirritunarsíða

Formaður stjórnar  
Helgi Kjartansson

Árni Eiríksson

Bragi Bjarnason

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

Slökkviliðsstjóri  
Pétur Pétursson

Varaslökkviliðsstjóri  
Lárus Kristinn Guðmundsson

Fundarritari  
Unna Björg Ögmundsdóttir